



## Héraðsnefnd Árnésinga bs.

### 14. fundur haldinn í Skyrgerðinni

22. október 2018

#### 1. Fundarsetning og yfirferð fundargerða framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga

Eypór H. Ólafsson, formaður Héraðsnefndar Árnésinga bs., setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

Fundargerðir Héraðsnefndar Árnésinga bs. nr. 12 frá 30. apríl og nr. 13 frá 16. júlí voru lagðar fram og samþykktar. Fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga bs. nr. 1 frá 28. ágúst, nr. 2 frá 10. október og nr. 3 frá 19. október voru lagðar fram og staðfestar.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

#### 2. Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnésinga

Þorsteinn Tryggvi Mátsson kom inn á fundinn. Fór hann yfir fundargerðir stjórnar Héraðsskjalasafns Árnésinga frá 9. júlí, 12. september, og 3. október, voru þær lagðar fram og samþykktar.

Í upphafi nefndi Þorsteinn hvort fara ætti í sameiningarviðræður við önnur söfn, þ.e. safnið á Skógum, í Vestmannaeyjum og á Hvolsvelli. Ef það yrði fyrir valinu yrði að sjá til þess að húsnæði myndi rúma öll söfnin á einum stað. Það yrði mikil hagræðing í þessari sameiningu.

Ræddi hann um skýrslu um stefnumótun sem gerð hefur verið fyrir safnið fyrir árin 2018-2022.

Fór hann yfir helstu verkefni safnsins, hrósaði hann starfsfólki sínu, sem vinnur vel og hefur mikla þekkingu sem leiðir til þess að hann þarf ekki að kaupa aukþjónustu frá utanaðkomandi aðilum. Segir hann samstarf við önnur opinber skjalasöfn vera gott. Í dag eru um 1200 hillimetrar af skjölum í safninu. Frá því að Þorsteinn tók við hefur hann tekið á móti 600 hillimetrum. Fólksfjölgun í sýslunni hefur verið gríðarleg og voru 17400 íbúar í sýslunni um síðustu áramót. Þjónustustig er orðið hátt og með þessu er einnig beiðni um aukið þjónustustig í safninu en mikil aukning hefur orðið á afhendingu skjala. Ekki er mikið af hilluplássi laust og eru þeir farnir að neita að taka

við skjölum vegna plássleysis. Það er óumflýjanlegt að kostnaður fylgir stækkun safnsins.

Þorsteinn fór yfir fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga fyrir árið 2019 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Björgvin Skafti Bjarnason, Njörður Sigurðsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Gunnar Egilsson, Ari Björn Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Helgi Kjartansson, Kjartan Björnsson og Eggert Valur Guðmundsson.

Rætt var um húsnæðisvanda Héraðsskjalasafnsins en það þarf að fara að setja skýrar línur. Húsnæðið sem það er nú staðsett í er ekki lengur falt þar sem að Sveitarfélagið Árborg þarf að fara að nýta það fyrir sína starfsemi. Einnig var rætt um hækkun framlaga sveitarfélaga til safnsins.

Formaður lagði til að taka fyrir húsnæðismál safna undir önnur mál í dag.

Lagt var til að fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga 2019 yrði tekin til samþykktar með áætlunum annarra stofnana síðar á fundinum. Var það samþykkt samhljóða.

### **3. Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga**

Inga Jónsdóttir kom inn á fundinn og fór yfir fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga frá 2. október, var hún lögð fram og samþykkt.

Ræddi hún sérstaklega úr fundargerðinni um listaverk Brynhildar Þorgeirsdóttur en safninu hefur verið boðið það til kaups og var boðið upp á að dreifa greiðslum. Ræddi hún um tölvumál og gagnaumsýslu og hvort möguleiki væri á að fara í sameiginlega vinnu fyrir öll söfnin.

Inga sagði listasafnið vera eina dýrmætustu perlu Árnesinga. Það sem af er ári hafa 500 fleiri gestir komið á safnið miðað við sama tíma í fyrra.

Haldið var upp á 55 ára afmæli safnsins í liðinni viku. Safnið var fyrsta listasafnið utan höfuðborgarsvæðisins. Upphafið var að Bjarnveig Bjarnadóttir gaf safninu listaverkin sín. Fyrst var safnið á Selfossi en síðar í Hveragerði. Einnig gaf Halldór Einarsson sín verk til safnsins. Listasafn Árnesinga fékk í ár Íslensku safnaverðlaunin og fór afhending fram á Bessastöðum.

Í nýliðnu vetrarfrí skóla var efnt til spurningaleiks í safninu og fjársjóðsleitar sem vakti mikla lukku og fjölmargir sóttu.

Listasafnið leggur áherslu á að miðla fjölbreyttri myndlist á aðgengilegan hátt með faglega vandvirkni og nýsköpun í huga, reynt er að sækja í myndlist í sunnlensku samhengi og með tengsl við skóla í sýslunni.

Huglægt rými eftir Ólaf Svein Gíslason verður fyrsta sýningin á komandi ári og er um myndræna sýningu að ræða um bónda í Flóanum. Langar Ingu að heyra í Bíóhúsinu á Selfossi og fá þá til liðs við safnið til að sýna mynd sem Ólafur hefur einnig gert.

Korriró og Dillidó, þjóðsagnamyndir eftir Ásgrím Jónsson, verða til sýnis í safninu í febrúar og verður spennandi að fá þá sýningu. Þessi sýning er unnin í samvinnu við

Listasafn Íslands.

Vorsýningin verður Ólíkur endurómur eftir Sigrúnu Ólafsdóttur og fimm þýska kollega hennar. Sumarsýningin verður í samvinnu við Listasafn ASÍ og heitir Fjallamjólk Kjarvals, einnig verða fleiri perlur úr safnaeign Listasafns ASÍ til sýnis. Haustiýningin verður teikningasýning og eru listamennirnir þau Anna Jóa og Gústav Geir Bollason. Einnig verður önnur haustiýning, Þrjár kynslóðir kvenna, ein innsetning ólíkra listaverka þar sem unnið er út frá Walden. Listakonurnar eru Hildur Hákonardóttir, Elín Gunnlaugsdóttir og Eva Bjarnadóttir.

Það eru nokkur verkefni sem þarf að ráðast í á safninu, m.a. að fá loftræstingu með rakastýringu og er Inga að reyna að fá styrk í það verkefni. Það þarf að laga og bæta vinnuástandi, huga betur að heimasíðunni, fara í ýmsa málningarvinnu og lagfæringu á gólfi í sal 4.

Inga fór yfir fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga fyrir árið 2019 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Smári Bergmann Kolbeinsson, Helgi S. Haraldsson, Njörður Sigurðsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Brynhildur Jónsdóttir, Valgerður Sævarsdóttir og Kjartan Björnsson.

Lagt var til að fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga 2019 yrði tekin til samþykktar með áætlunum annarra stofnana síðar á fundinum. Var það samþykkt samhljóða.

#### **4. Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga**

Lýður Pálsson kom inn á fundinn og fór yfir fundargerðir stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 1 frá 28. ágúst, nr. 2 frá 25. september og nr. 3 frá 18. október, voru þær lagðar fram og samþykktar.

Ræddi Lýður um húsnæði safnsins. Safnið var upphaflega á Selfossi en var síðar flutt í Húsið á Eyrarbakka. Fjölbreyttar sýningar eru í gangi hjá þeim, nefndi hann sýninguna Marþræði þar sem unnið var úr þangi og það sett við aðra safnhluti og kom mjög vel út. Ræddi hann um Sjóminjasafnið, Rjórabúið, Kirkjubæ o.fl. Gert er ráð fyrir svipuðum rekstri milli ára og gert er ráð fyrir að húsnæðismálin verði leyst. Gert er ráð fyrir að safnið verði opið í 5 mánuði yfir sumarið og eftir þörfum. Sýningar verða einnig um jólin og páskana. Ein af sýningunum á árinu verður tileinkuð fangelsismálum, sumarsýningin verður Rófubóndinn og með haustinu verður opnuð sýningin Milli sjávar og sveita.

Lýður Pálsson fór yfir fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga fyrir árið 2019 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tók auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir.

Lagt var fram bréf til Héraðsnefndar vegna húsnæðismála Byggðasafnsins.

Fór Eyþór yfir nokkra valkosti vegna geymsluhúsnæðis fyrir Byggðasafnið. Um er að ræða 3 valkosti, byggja húsnæði á lóðinni Hafnarbrú 1 á Eyrarbakka, byggja sunnan við Sjóminjasafnið á Eyrarbakka eða kaupa skemmu sem er til sölu á Eyrarbakka.

Til máls tóku auk formanns Gestur Þór Kristjánsson, Gunnar Egilsson, Árni Eiríksson, Aldís Hafsteinsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Kjartan Björnsson og Njörður Sigurðsson.

Rætt var um skemmuna en spurningin er hvort hægt sé að hafa saman hérðaðsskjala- og byggðasafn í þessu húsnæði. Það þarf að gera endurbætur á húsnæðinu. Það þarf að kaupa þjónustu frá fagaðilum til að gera úttekt á húsnæðinu hvort þetta sé valmöguleiki fyrir söfnin að fara í þetta húsnæði, einnig þarf að kanna hvort að það sé möguleiki að hafa áfram spennistöð í sama húsnæði.

Framkvæmdastjórn er falið að skoða húsnæðismálin, láta meta húsið og fá fagaðila til að skoða málið og gera könnun á því hvaða möguleikar séu í stöðunni og kalla svo til héraðsnefnd til ákvörðunar. Óskað er eftir að unnið verði hratt að málinu.

Lagt var til að fjárhagsáætlun Byggðasafns Árneseinga 2019 yrði tekin til samþykktar með áætlunum annarra stofnana síðar á fundinum. Var það samþykkt samhljóða.

## 5. Fjárhagsáætlun Brunavarna Árneseyslu og Almannavarna Árneseyslu

Pétur Pétursson, Unna Björg Ögmundsdóttir og Haukur Grönlí, starfsmenn Brunavarna, komu á fundinn.

Pétur, slökkviliðsstjóri, fór yfir fjárhagsáætlun Almannavarna fyrir árið 2019 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Ari Björn Thorarensen og Gunnar Egilsson.

Rætt var um starf Víðis Reynissonar en hugsanlega á að auglýsa eftir starfsmanni í sambærilegt starf og Víðir var í. 4 af 8 skýrslum eru tilbúna, 2 eru í yfirlestri en svo á eftir að klára 2.

Lagt var til að fjárhagsáætlun Almannavarna Árneseyslu 2019 yrði tekin til samþykktar með áætlunum annarra stofnana síðar á fundinum. Var það samþykkt samhljóða.

Pétur, slökkviliðsstjóri, kynnti starfsemi Brunavarna Árneseyslu.

Ræddi Pétur um Brunavarnir Árneseyslu. Mikil umferðarfjöldgun hefur orðið á svæðinu en 3,6 milljónir bíla fóru á milli Hveragerðis og Selfoss á árinu 2017. Frá og með 1. janúar 2001 bar slökkviliðum skylda til að sjá um björgun fastklemmdra aðila úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði, einnig sjá þeir um viðbrögð við mengunaróhöppum á landi. Engir fjármunir fylgdu verkefnum.

Á árinu 2017 voru 43 útköll vegna bílslysa eða um 24% útkalla. Oft kemur upp sú staða þegar útköll verða hvort nægur fjöldi fari í útköllin, hvað þarf marga í hverja aðgerð og er nægur fjöldi sem er tilbúinn eða á staðnum til að fara í útköllin. Oft og tíðum eru það aðilar frá slökkviliðum sem koma fyrstir á vettvang. Þá er mjög mikilvægt að aðilar séu sérþjálfaðir til að bregðast rétt við. Hann sýndi myndir af vettvöngum og velti upp hvað þarf marga til að bjarga í hvert skipti.

Nýlega kom út reglugerð um starfsemi slökkviliða, nr. 747/2018. Pétur fór yfir megin atriði hennar þar sem m.a. er fjallað um mönnunarþörf, hæfniskröfur, lágmarkskröfur til reykköfunar, læknisskoðunar, mat á þoli og líkamsstyrk, skipulag slökkviliðs, útkallssvæði o.fl. Fór hann yfir viðbragðstíma fyrir sýsluna en það er mismunandi eftir svæðum. Pétur fjallaði einnig um að útköll eru mismunandi og geta haft mismikla eftirmála og þ.m.t. áhrif á viðbragðsaðila. Það er mjög mikilvægt að þjálfar þá sem best til að tryggja gæði starfsins. Huga þarf mjög vel að sálrænum þáttum og einnig viðeigandi fatnaði og tryggja að viðbragðsaðilar séu einkennisklæddir. 182 útköll voru á árinu 2017. Fyrstu 6 mánuði ársins 2017 voru 74 útköll en fyrstu 6 mánuði ársins 2018 voru útköllin orðin 87, vonandi verður þó ekki aukin fjölgun útkalla á árinu. Fór hann yfir fjölda útkalla á dagvinnutíma en 40% útkalla verður á þeim tíma, fæst eru útköll á nóttunni. Fór hann yfir fjölda slökkviliðsmanna í útkalli. Þau eru misjöfn verkefni og misstór. Það skiptir máli að lögregla, slökkvilið og sjúkraflutningar og aðrir viðbragðsaðilar vinni saman. B.A. hefur staðið að þjálfun hinna ýmsu viðbragðsaðila á svæðinu.

Til máls tók auk formanns Gunnar Egilsson.

Pétur fór yfir fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu fyrir árið 2019 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tók auk formanns Helgi Kjartansson, Ari Björn Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Björgvin Skafti Bjarnason, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gunnar Egilsson, Njörður Sigurðsson, Kjartan Björnsson, Árni Eiríksson og Jón Páll Kristófersson,

Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 22 frá 4. maí frá fyrri stjórn, nr. 1 frá 24. ágúst og nr. 2 frá 24. september voru lagðar fram og staðfestar.

Til máls tók auk formanns um fundargerðir Helgi Kjartansson.

Lagt var til að fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu 2019 yrði tekin til samþykktar með áætlunum annarra stofnana síðar á fundinum. Var það samþykkt samhljóða.

## **6. Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árneseinga**

Jóhann Stefánsson, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Árneseinga, kom inn á fundinn.

Rakel Sveinsdóttir, fór yfir fundargerð stjórnar Tónlistarskóla Árneseinga nr. 189 frá 12. október, var hún lögð fram og samþykkt.

Jóhann kynnti Tónlistarskóla Árneseinga sem var stofnaður 1955 og er fimmti elsti skóli landsins. Í upphafi voru 50 nemendur en í dag eru þeir um 500. Kennt er á 14 stöðum í sýslunni. Fór hann yfir hverjir hafa verið skólastjórar og skipurit. Það eru 31 kennari við skólann í vetur í 27.5 stöðugildum. Fór hann yfir aðalnámskrá en fyrsta kom út árið 2000. Stór Suzukideild er við skólann og er kennt á 6 hljóðfæri í þeirri deild. Fór hann yfir forgangsstöðun sem farið er eftir þegar verið er að taka inn nýja nemendur. Fór hann yfir prófkerfið og prófþætti í skólanum og nefndi að tónlistarnám er metið til eininga í FSu. Fór hann yfir dreifingu nemenda eftir áföngum á þessu kennsluári, tónfræðigreinar sem er fylgigreinin með tónlistarnámi. Fór hann yfir

dreifingu á hljóðfærunum og hlutfall á heilu og hálfu námi. Ræddi hann um forskólakennsluna en farið er inn í 2. bekk í hverjum skóla í sýslunni sem hefur gengið mjög vel. Einnig fór hann yfir tónleikahald skólans og samspil sem er í skólanum. Handbók kennara er nú komin á netið. Þema kennsluársins er 3 +. Sýndi hann svo myndir úr skólastarfinu. Tónlistarskólinn stefnir á að fara í ferð erlendis í vor.

Jóhann fór yfir fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga fyrir árið 2019 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir og Rakel Sveinsdóttir.

Var auknum sýnileika og aðsókn í skólann fagnað og það yfirfarið að rekstur Tónlistarskólans er frábrugðin öðrum undirstofnunum Héraðsnefndar að því leytnu til að skólinn stendur sjálfur undir almennum rekstri en kostnaðaraðild sveitarfélaga er bundin við lög um að standa undir launakostnaði. Starfsmönnum hefði fjölgað árið 2018 í takt við fyrri áætlanir. Þessi fjölgun endurspeglast í hækkun launakostnaðar á milli ára en ekki er gert ráð fyrir frekari ráðningum árið 2019.

Lagt var til að fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga 2019 yrði tekin til samþykktar með áætlunum annarra stofnana síðar á fundinum. Var það samþykkt samhljóða.

## **7. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnesinga**

Eyþór H. Ólafsson tók til máls um stofnanir nefndarinnar.

Ræddi hann um að það væri til athugunar að skoða tryggingamál, bókhaldsmál, húsnæðismál o.fl. hjá öllum söfnunum og samræma og fá tilboð fyrir alla.

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, tók til máls og fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 og svaraði fyrirspurnum um áætlunina.

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga 2019					
Samþykkt á haustfundi í Hveragerði 22. október 2018					
	Áætlun 2018	Hlutfall af framlögum	Áætlun 2019	Hlutfall af framlögum	Hlutfallsleg breyting milli ára
<b>Tekjur:</b>					
<b>Framlög sveitarfélaga</b>	<b>117.624.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>143.894.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>22,3%</b>
Tekið af eigin fé:					
<b>Samtals</b>	<b>117.624.000</b>		<b>143.894.000</b>		<b>22,3%</b>
<b>Gjöld:</b>					
Byggðasafn Árneseinga	30.200.000	25,7%	34.500.000	24,0%	14,2%
Listasafn Árneseinga	32.100.000	27,3%	38.220.000	26,6%	19,1%
Héraðsskjalasafn Árneseinga	27.050.000	23,0%	32.600.000	22,7%	20,5%
Stjórnun, annað og ófyrirséð	4.000.000	3,4%	4.000.000	2,8%	0,0%
Lánasjóður sveitarfélaga - afborgun v/FSU láns	22.700.000		24.000.000		5,73%
FSU vegna FabLab vegna 2019	0		6.000.000		#DM/0!
FSU vegna FabLab vegna 2018	0		3.000.000		#DM/0!
Markaðsmál stofnana Héraðsnefndar	0		0		#DM/0!
Fastir styrkir	1.574.000	1,3%	1.574.000	1,1%	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>117.624.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>143.894.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>22,3%</b>
<b>Sundurliðun:</b>					
<b>Fastir styrkir</b>					
HSK	1.064.000	0,9%	1.064.000	0,7%	0,0%
SSK	255.000	0,2%	255.000	0,2%	0,0%
Svæðisstj. björgunarsv. í Árnessýslu	255.000	0,2%	255.000	0,2%	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>1.574.000</b>	<b>1,3%</b>	<b>1.574.000</b>	<b>1,1%</b>	<b>0,0%</b>
	<b>2018</b>		<b>2019</b>		Breyting á milli ára
<b>Tónlistarskóli Árneseinga</b>					
Launaliður	264.945.065		283.346.600		6,9%
<b>Samtals</b>	<b>264.945.065</b>		<b>283.346.600</b>		<b>6,9%</b>
<b>Almannavarnir Árnessýslu</b>	6.752.000		1.752.000		-74,1%
<b>Samtals</b>	<b>6.752.000</b>		<b>1.752.000</b>		<b>-74,1%</b>
<b>Brunavarnir Árnessýslu</b>	292.706.000		318.586.000		8,8%
<b>Samtals</b>	<b>292.706.000</b>		<b>318.586.000</b>		<b>8,8%</b>

Markaðsmál stofnana Héraðsnefndar kr. 5 millj. Eypór skýrði út og spurði hvort það væri ekki sóknarfæri fyrir sérstaklega byggðasafnið að markaðssetja héraðsnefndina í heild. Er eitthvað hægt að gera til að ná betri gestafjölda o.fl. Það er til skýrsla sem Einar Bárðarson gerði fyrir byggðasafnið og einnig mætti alveg nýta betur Markaðsstofu Suðurlands til að fara í markaðssetningu.

Til máls tóku auk formanns Ingibjörg Garðarsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson, Valgerður Sævarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Raket Sveinsdóttir, Gunnar Egilsson, Björgvin Skafti Bjarnason,

Ari Björn Thorarensen, Njörður Sigurðsson, Eggert Valur Guðmundsson og Árni Eiríksson.

Voru fundarmenn sammála um mikilvægi þess að áætlanir undirstofnana Héraðsefndar væru í samræmi við almenna fjárhagsgerð sveitarfélaganna og því svigrúmi sem þau hefðu að hámarki til hækkunar rekstrarframlaga. Í ljósi þessa væri samtals hækkun á heildarframlögum sveitarfélaga til Héraðsnefndar of mikil og til þess líkleg að grípa þyrfti til niðurskurðar í öðrum málaflokkum.

Gert var fundarhlé.

Fundi var framhaldið.

Fjárhagsáætlanir fyrir stofnanir lagðar fram til samþykktar með eftirfarandi breytingum:

Héraðsskjalasafn lækki fjárhagsáætlunina um 1.500.000,-

Byggðasafn lækki fjárhagsáætlun um 1.600.000,-

Listasafnið lækki fjárhagsáætlun um 1.800.000,-

Brunavarnir lækki fjárhagsáætlun um 20.000.000,-

Stjórnnum stofnana er falið að útfæra lækkunina með forstöðumönnum.

Launamál stjórna.

Formaður ræddi um launamál nefnda á vegum héraðsnefndar.

Til máls tóku auk formanns Helgi S. Haraldsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Kjartan Björnsson og Helgi Kjartansson.

Stjórnarlaun hjá Héraðsnefnd og stofnunum hennar		
	Formaður	Nefndarmaður
<b>Héraðsnefnd Árneseinga</b>	<b>70.726</b>	<b>47.150</b>
<b>Framkvæmdastjórn HÁ</b>	28.080	18.620
<b>Brunavarnir Árneseinga</b>	28.080	18.620
<b>Byggðasafn Árneseinga</b>	28.080	18.620
<b>Héraðsskjalasafn Árneseinga</b>	28.080	18.620
<b>Listasafn Árneseinga</b>	28.080	18.620
<b>Tónlistarskóli Árneseinga</b>	28.080	18.620

Tillaga um að samræma laun nefndarmanna við stjórnarsetu undirstofnana var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.



Fjárhagsáætlun héraðsnefndar var samþykkt samhljóða með breytingum sem eru hér að ofan ásamt því að taka út 5.000.000,- kr. kostnað vegna markaðsmála.

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnésinga 2019					
Samþykkt á haustfundi í Hveragerði 22. október 2018					
	Áætlun 2018	Hlutfall af framlögum	Áætlun 2019	Hlutfall af framlögum	Hlutfallsleg breyting milli ára
<b>Tekjur:</b>					
<b>Framlög sveitarfélaga</b>	<b>117.624.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>138.994.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>18,2%</b>
Tekló af eigin fé:					
<b>Samtals</b>	<b>117.624.000</b>		<b>138.994.000</b>		<b>18,2%</b>
<b>Gjöld:</b>					
Byggðasafn Árnésinga	30.200.000	25,7%	32.900.000	23,7%	8,9%
Listasafn Árnésinga	32.100.000	27,3%	36.420.000	26,2%	13,5%
Héraðsskjalasafn Árnésinga	27.050.000	23,0%	31.100.000	22,4%	15,0%
Stjórnun, annað og ófyrirséð	4.000.000	3,4%	4.000.000	2,9%	0,0%
Lánasjóður sveitarfélaga - afborgun v/FSU láns	22.700.000		24.000.000		5,73%
FSU vegna FabLab vegna 2019	0		6.000.000		#DIV/0!
FSU vegna FabLab vegna 2018	0		3.000.000		#DIV/0!
Markaðsmál stofnana Héraðsnefndar	0		0		#DIV/0!
Fastir styrkir	1.574.000	1,3%	1.574.000	1,1%	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>117.624.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>138.994.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>18,2%</b>
<b>Sundurliðun:</b>					
<b>Fastir styrkir</b>					
HSK	1.064.000	0,9%	1.064.000	0,8%	0,0%
SSK	255.000	0,2%	255.000	0,2%	0,0%
Svæðisstj. björgunarsv. í Árnessýslu	255.000	0,2%	255.000	0,2%	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>1.574.000</b>	<b>1,3%</b>	<b>1.574.000</b>	<b>1,1%</b>	<b>0,0%</b>
	2018		2019		Breyting á milli ára
<b>Tónlistarskóli Árnésinga</b>					
Launaliður	264.945.065		283.346.600		6,9%
<b>Samtals</b>	<b>264.945.065</b>		<b>283.346.600</b>		<b>6,9%</b>
<b>Almannavarnir Árnessýslu</b>					
	6.752.000		1.752.000		-74,1%
<b>Samtals</b>	<b>6.752.000</b>		<b>1.752.000</b>		<b>-74,1%</b>
<b>Brunavarnir Árnessýslu</b>					
	292.706.000		298.586.000		2,0%
<b>Samtals</b>	<b>292.706.000</b>		<b>298.586.000</b>		<b>2,0%</b>

## 8. Tillögur að ályktunum og afgreiðsla þeirra

Formaður lagði fram eftirfarandi ályktanir:

### Ályktun um heimavistarmál

Héraðsnefnd Árnesinga bs. leggur áherslu á knýjandi þörf fyrir úrbætur í húsnæðisvanda framhaldsskólanemenda á Suðurlandi. Stærsti framhaldsskóli landshlutans er á Selfossi og sá eini sem er með fjölbreytt námsframboð í starfsnámi auk víðtækrar þjónustu við nemendur með sértækar stuðningsþarfir. Óviðunandi er að þar skuli ekki lengur vera starfrækt heimavist. Héraðsnefnd skorar á ríkisvaldið að ganga til samstarfs við heimamenn um úrlausn á þessum vanda.

### Ályktun um miðhálandisþjóðgarð

Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga bs. lýsir yfir áhyggjum af því að fyrirhuguð stofnun miðhálandisþjóðgarðs muni leiða til skerðingar á skipulagsvaldi sveitarfélaga og þess að lýðræðislegt vald muni færast úr héraði til miðlægrar stofnunar. Afar óheppilegt er að á sama tíma og þverpólitísk nefnd er að hefja störf við undirbúning að stofnun miðhálandisþjóðgarðs séu kynnt drög að frumvarpi um Þjóðgarðastofnun og umfangsmiklar tillögur kynntar um friðunaráform í kjölfar niðurstöðu annars hluta Rammaáætlunar. Slíkum vinnubrögðum er mótmælt.

Vakin er athygli á stöðu nytjaréttihafa en þeim hefur verið haldið fyrir utan þessa umræðu og mikilvægt er að þeir eigi fulltrúa í allri vinnu við hugmynd um stofnun þjóðgarðs á afréttum.

Fundurinn fer þess á leit að breyting verði gerð á verklagi varðandi undirbúning að stofnun þjóðgarða almennt, þar sem samþykki sveitarfélaga og nytjaréttihafa verði áskilið, bæði hvað varðar stofnun nýs þjóðgarðs og breytingar á mörkum þeirra þjóðgarða sem þegar eru til. Jafnframt gerir Héraðsnefnd alvarlega athugasemd við 10. gr. frumvarpsdraga um þjóðgarðastofnun þar sem veittar eru víðtækar heimildir til eignaupptöku.

Til máls tóku auk formanns Helgi Kjartansson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Njörður Sigurðsson, Gunnar Egilsson, Halldóra Hjörleifsdóttir og Ari Björn Thorarensen.

## 9. Önnur mál

Engin.

Þakkaði Eyþór héraðsnefndarmönnum og starfsmönnum góða samvinnu og samveru og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Fundinn sátu: ( sign )

Eyþór H. Ólafsson	Hveragerðisbær
Árni Eiríksson	Flóahreppur
Kjartan Björnsson	Sveitarfélagið Árborg
Helgi S. Haraldsson	Sveitarfélagið Árborg
Rakel Sveinsdóttir	Sveitarfélagið Ölfus
Ari Björn Thorarensen	Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Eggert Valur Guðmundsson	Sveitarfélagið Árborg
Gunnar Egilsson	Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur
Smári Bergmann Kolbeinsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Björgvin Skafi Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Bjarney Vignisdóttir	Hrunamannahreppur
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerðisbær
Njörður Sigurðsson	Hveragerðibær
Valgerður Sævarsdóttir	Bláskógabyggð
Gestur Þór Kristjánsson	Sveitarfélagið Ölfus
Jón Páll Kristófersson	Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir	fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir	ritari